

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Mál nr. 238/2000

M og

Vátryggingafélagið V v/fjölskyldutryggingar og

Vátryggingafélagið T v/A og

Vátryggingafélagið AB v/vélknúns hlaupahjóls (B).

Árekstur bifreiðar og hlaupahjóls með hjálparmótor á Tangarhöfða í Rvk. , þ. 14.7. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 20.9.2000.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 872/2000.
3. Tjónaskýrsla dags. 14.7.2000.
4. Fréttatilkynning dómsmálaráðuneytisins nr. 26/2000.
5. Bréf V dags. 28.7.2000 og 25.9.2000.
6. Bréf T dags. 15.9. og 27.9.2000.
7. Bréf AB dags. 14.8. og 6.10.2000.
8. Bréf Sambands íslenskra tryggingafélaga dags. 11.8.2000. (SÍT)

Málsatvik.

A ók út frá bílastæði yfir gangstétt út á akveg. Ökumaður A segist hafa verið að aka útkeyrsluna þegar hlaupahjólinu var ekið á hægra frambretti A. Ökumaður B segist hafa ekið í hlið A. Ökumenn segja rafmagnsskúr hafa hindrað útsýni. Eigandi A krefst m.a. bóta úr fjölskyldutryggingu eiganda B vegna tjóns á A. V hafnar bótaskyldu og bendir á ákvæði í tryggingarskilmálum því til stuðnings. Þá segir V að A hafi borðið að sýna sérstaka aðgát í umrætt sinn þar sem A var ekið yfir gangstétt og megi ökumenn eiga von á álíka hraðskreiðum ökutækjum á gangstéttum og B. Í bréfi T. kemur fram, að A hafi ekki getað átt von á því að vélknúnu ökutæki væri ekið eftir gangstéttinni og þrátt fyrir að A hafi verið með hlaupahjólið á hægri hönd gildi ekki varúðarregla 25.gr umf.l. í þessu tilfelli og á það bent, að 11. og 13.gr. umf.l. banni vélknúnum ökutækjum að aka á gangstéttum. Í bréfi SÍT. segir að vélknúin hlaupahjól séu skráningarskyld og skuli stjórnendur hafa réttindi til að stjórna bifhjóli, hafa hjálm, láta skrásetja ökutækið og kaupa fyrir það lögboðnar vátryggingar. Í bréfi ABÍ segir að A beri sök á árekstrinum þar sem A hafði hlaupahjólið á hægri hönd og beri félagið því ekki bótaskyldu en ljóst sé að tjónið bætist ekki úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar.

Álit.

Vélknúna hlaupahjólið er létt bifhjól skv. umf.l. nr. 50/1987. Slík hjól þarf að skrá, þau þurfa að hafa lögboðnar vátryggingar og ökumenn þeirra lúta sömu reglum og aðrir ökumenn vélknúinna farartækja. Tjón A bætist því ekki úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar sbr. tryggingarskilmála. Ökumaður B ók of hratt að því er virðist og var með ökutækið á þeim stað þar sem því er bannað að aka. Af þeim ástæðum þykir rétt, að vélknúna hlaupahjólið beri alla sök gagnvart A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar hjá V h.f.

Tjón A bætist af AB sbr. 2. mgr. 18.gr. reglug. nr. 556/1993

Reykjavík. 16.10.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.